Kæru foreldrar barna í Flataskóla

Frábær leiklistarnámskeið að hefjast í Flataskóla. – **SKRÁNING ER HAFIN**

Framhalds- og unglinganámskeið í Seljaskóla og Vesturbæjarskóla.

Leynileikhúsið hefur nú verið starfrækt í sjö ár og nýtur gríðarlegra vinsælda. Eftir hverja önn fáum við bréf frá ánægðum foreldrum sem lýsa því hvernig leiklistarkennslan hafði jákvæð áhrif á barn þeirra. Öryggi og samskiptahæfni aukast á sama tíma og ungu leikararnir hafa gaman af því að leika allt milli himins og jarðar.

Við bjóðum nú í fyrsta skipti upp á leiklistarnámskeið í Garðabænum og nú þegar hafa viðtökur verið mjög góðar.

Öll leiklistarnámskeið Leynileikhússins byggjast fyrst og fremst upp á mottóinu „GLEÐI“. Þetta þýðir að öll kennsla og sem fer fram í leiklistartímanum er gerð á uppbyggilegan og jákvæðan hátt að hálfu kennara og samnemenda. Með þetta mottó að leiðarljósi fara nemendur í grunnatriði í leiklist með hjálp leikja. Farið er í mikilvæg atriði eins og einbeitingu, gefa skýr skilaboð, hlustun, samvinnu og leiklistarsköpun.

Allir kennarar Leynileikhússins eru fagmenntaðir leikarar og/eða leikstjórar sem hafa góða reynslu af leiklistarkennslu. Hægt er að sjá meira um leikarana sem sjá um námskeiðin á heimasíðu okkar.

Fyrstu 10 vikur námskeiðsins fara fram í skólanum sjálfum og svo ljúkum við námskeiðinu í atvinnuleikhúsi með æfingu og sýningu um mánaðarmótin nóv/des n.k.

Stundataflan fyrir Rimaskóla á haustönn 2010:

Flataskóli Garðabæ - mánudagar **NÝTT NÁMSKEIÐ**
Hefst 20. september
Kl 14:15-15:15 (2.-3. bekkur)
Kl 15:30-16:30 (4.-5. bekkur)
Kl 16:45-17:45 (6.-8. bekkur)

Athugið að hægt er að skrá nemanda á leiklistarnámskeið Leynileikhússins í öðrum skólum ef þeir dagar henta betur. Sjá heimasíðu okkar fyrir stundaskrá.

Skráning og frekari upplýsingar eru á www.leynileikhusid.is, info@leynileikhusid.is og í síma 864-9373.

NÁMSKEIÐAGJÖLD:
kr 22.900.-
15% systkinaafsláttur.
Leynileikhúsið tekur við frístundakorti Reykjavíkurborgar.

FRAMHALDS- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ:
Framhalds- og unglinganámskeiðin eru nú á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Vesturbæjarskóla um helgar og í Seljaskóla á miðvikudögum. Vinsamlegast sjáið stundaskrá á heimasíðu fyrir frekari upplýsingar. Við miðum við að nemendur á framhaldsnámskeiðum hafi farið á a.m.k. 2 námskeið hjá Leynileikhúsinu eða þeir hafa verið annars staðar í leiklist í a.m.k. ár.

UMBI LEYNILEIKHÚSSINS:
Umboðsmaður leynileikhússins hefur nú sent tugi barna og unglinga í prufur til virtra kvikmyndagerðarmanna og –kvenna vegna auglýsinga, sjónvarpsþátta og kvikmynda. Nokkrir hæfileikaríkir og heppnir krakkar hafa landað hlutverkum sem þegar er byrjað að sýna í sjónvarpi og leikhúsunum og eru væntanleg í bíóhús og í sjónvarp.

Bestu kveðjur

Bjarni
Leynileikhúsið
S: 864-9373
info@leynileikhusid.is
www.leynileikhusid.is